

**Breiðdalsvík:**

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun um Ásveg, Sólvelli og Selnes að hafnargarði. Flugvallarvegur (961) frá Ásvegi um Sæberg að húsinu nr. 8 við Sæberg.

**Djúpivogur:**

Djúpavogsvegur (98) frá efstu þvergötu að höfn. Flugvallarvegur (966) frá Djúpavogsvegi (98) um Hammersminni að beygju frá byggð.

**Höfn í Hornafirði:**

Hafnarvegur (99) frá Vesturbraut að Víkurbraut og um Víkurbraut og Álaugareyjaveg að höfn. Álma frá Hafnarvegi um Víkurbraut að hóteli.

## 2. gr.

Um framkvæmd við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerðar um ríkisframlag þjóðvega í kaupstöðum og kaптúnunum nr. 257/1964.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 27. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 463 7. júní 1983 sbr. nr. 289 12. júní 1984.

*Samgönguráðuneytið, 12. maí 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi landnotkun á svæði, er markast af Ingólfsstræti, Hverfisgötu, Snorrabraut og Skúlagötu og um staðfestingu deiliskipulags sama svæðis.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. maí 1986 staðfest breytingu á landnotkun áður staðfests aðalskipulags Reykjavíkur, 7. júní 1984, á svæði sem markast af Ingólfsstræti, Hverfisgötu, Snorrabraut og Skúlagötu. Þennan sama dag staðfesti ráðuneytið einnig, deiliskipulag svæðis þessa.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt þá og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að þeir verði staðfestir.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1986.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Pórhildur Línal.*